

**80. fundur Markaðs- og menningarnefndar Fjallabyggðar
haldinn í fjarfundi
þriðjudaginn 9. nóvember 2021 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Ólafur Stefánsson, formaður, D lista,
Ída Marguerite Semey, aðalmaður, I lista,
Jón Kort Ólafsson, aðalmaður, H lista,
Sigríður Guðmundsdóttir, aðalmaður, D lista,
Ægir Bergsson, varaformaður I lista,
Linda Lea Bogadóttir, markaðs- og menningarfulltrúi,
Ríkey Sigurbjörnsdóttir, deildarstjóri fræðslu- frístunda- og menningarmála.

Fundargerð ritaði: Ríkey Sigurbjörnsdóttir, deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála..

Fyrir var tekið:

1. Bæjarlistamaður Fjallabyggðar 2022 - 2110016

Farið yfir tilnefningar sem borist hafa um bæjarlistamann Fjallabyggðar 2022.

Niðurstaða

Markaðs- og menningarnefnd fór yfir tilnefningar til bæjarlistamanns Fjallabyggðar 2022 en frestur til að skila tilnefningum rann út 5. nóvember sl. Alls bárust 13 tilnefningar og þakkar nefndin íbúum fyrir þær. Markaðs- og menningarnefnd útnefnir Aðalheiði S. Eysteinsdóttur bæjarlistamann Fjallabyggðar 2022 og verður hún sæmd nafnbótinni við hátíðlega athöfn á nýju ári.

2. Styrkumsóknir 2022 Menningarmál. - 2110077

Lagður fram listi yfir styrkumsóknir til menningarmála fyrir árið 2022.

Niðurstaða

Listi yfir styrkumsóknir til menningarmála fyrir árið 2022 lagður fram til kynningar. Nefndin mun taka umsóknir fyrir síðar og birta úthlutanir í janúar 2022.

3. Umsókn um styrk til hátíðarhalda í Fjallabyggð árið 2022. - 2110078

Lagður fram listi yfir styrkumsóknir til hátíðarhalda fyrir árið 2022.

Niðurstaða

Listi yfir styrkumsóknir til hátíðarhalda fyrir árið 2022 lagður fram til kynningar. Nefndin mun skila umsögnum vegna umsókna til bæjarráðs eftir næsta fund nefndarinnar.

4. Styrkumsóknir 2022 - Rekstrarstyrkir til safna og setra. - 2110076

Lagður fram listi yfir styrkumsóknir til reksturs safna og setra fyrir árið 2022.

Niðurstaða

Listi yfir styrkumsóknir til reksturs safna og setra fyrir árið 2022 lagður fram til kynningar. Nefndin mun skila umsögnum vegna umsókna til bæjarráðs eftir næsta fund nefndarinnar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:20.

Ólafur Stefánsson

Ída Marguerite Semey

Jón Kort Ólafsson

Sigríður Guðmundsdóttir

Ægir Bergsson

Ríkey Sigurbjörnsdóttir